



HRUNAMANNAHREPPUR

19. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 12. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. DESEMBER

2015 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 3. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, fundargerð Kerlingarfjallavina frá 25. nóvember s.l. og erindi vegna reiðvegjar við Hvammsveg. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Viðaukar við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.
2. Lánssamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga.
3. Gjaldskrá leikskólans Undralands fyrir árið 2016.
4. Gjaldskrá mótuneytis árið 2016.
5. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2016.
6. Fjárhagsáætlun 2016-2019. (Seinni umræða)
7. Þjóðskrá Íslands: Beiðni um umsögn vegna endurmats fasteignar.
8. Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins "Bændur græða landið"
9. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.
10. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.
11. Snorraverkefnið: Ósk um stuðning við Snorraverkefnið 2016.
12. Kvennaathvarfið: Umsókn um styrk.
13. Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps.
14. Menntamálastofnun: Ytra mat á Flúðaskóla.
15. Erindi til sveitarstjórnar. Stefán Arngrímsson.
16. Vesturport: Viljayfirlýsing um samstarf og fyrirhugaðar áætlanir í landi Grafar.
17. Kaupsamningur um dælustöð. Sunnhlíð.
18. Úttekt á Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs og Tæknisviði Uppsveita: Skýrsla R3.
19. Golfklúbbur Flúða: Erindi vegna inniæfinga og styrkja.
20. Vígsluhátíð íþróttahúss.
21. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. Fundargerð vinnuhópar um upplýsingaöflun fyrir nýbúa frá 20. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

23. NOS: Fundargerð 8. fundar NOS frá 13. nóvember s.l.
24. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings: Fundargerð 12. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar frá 26. október s.l.
25. Fundargerð 100. fundar Skipulagsnefndar frá 26. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 11. nóvember og 24. nóvember s.l.
Mál nr. 17: Hvammsvegur. Framkvæmdaleyfi.
Mál nr. 18: Suðurhof 2. Breikkun bílskúrs út fyrir byggingarreit.
Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
26. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 29. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 5. nóvember s.l.
27. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 30. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 26. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 499. fundar stjórnar SASS frá 28. október 2015.

- b. SASS: Fundargerð 500. fundar stjórnar SASS frá 19. nóvember 2015.
- c. SASS: Fundargerð aðalfundar SASS frá 29. og 30. október 2015.
- d. SASS: Ályktanir ársþings SASS 2015.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 243. fundar stjórnar frá 28. október 2015.
- f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 244. fundar stjórnar frá 9. nóvember 2015.

Kynningarmál:

- g. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð 1 vegna Hvammsvegar.
- h. Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita bs: Sunnuhlíð stofnun lóðar undir dælustöð.
- i. Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs: Hvammsvegur, aðalskipulagsbreyting.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna þjóðhagsspar.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 830. fundar stjórnar frá 11. september s.l.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 831. fundar stjórnar frá 30. október s.l.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 832. fundar stjórnar frá 20. nóvember s.l.
- n. Skipulagsstofnun: Skipulag og ferðamál – hugmyndahefti.
- o. Áfangaskýrsla vegna verkefnisins, Svipmyndir fyrir framtíðina um fortíðina úr nútímanum.
- p. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 27. október s.l.
- q. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum 2016.
- r. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Heildaráætlun úthlutunar framlags til sveitarfélagsins vegna nýbúafræðslu 2016.

Fundir framundan:

- s. Brunavarnir Árnessýslu: Undirritun Brunavarnaráætlunar 11. desember n.k.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Viðaukar við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2015. Tekjur hækka um kr. 6.000.000 og útgjöld um kr. 10.600.000. Einnig er fjárfesting aukin um kr. 20.000.000 vegna framkvæmda við gatnagerð vegna Hvammsvegar en á móti koma greiðslur frá Vegagerðinni þannig að tekjur vegna gatnagerðar hækki um kr. 12.700.000. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 21.387.000 í stað 25.987.000. Útgjaldaaukningu vegna fjárfestinga og til að styrkja handbært fé A-hluta sveitarsjóðs skal mætt með lántöku. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2015.

2. Lánssamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Oddviti kynnti fyrirhugaða lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 20.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna gatnagerð, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt: 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirsmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

3. Gjaldskrá leikskólans Undralands fyrir árið 2016.

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá leikskólans Undralands frá og með næstu áramótum. Áður hafði verið lagt til að gjaldskráin hækkaði um 4,5% en sveitarstjórn samþykkir að hún hækki um 3,2% frá áramótum. Jafnframt er samþykkt að hækka systkinaafslátt fyrir annað barn úr 25% í 50%. Þá er samþykkt að gjaldskrá mótuneytis í leikskóla verði óbreytt milli áranna 2015 og 2016. Varðandi tillögu foreldraráðs leikskólans Undralands um að fella niður

leikskólagjöld í áföngum vegna elsta árgangsins telur sveitarstjórn heppilegra að gera gjaldskrábreytingar sem ganga jafnt yfir allan aldurshóp leikskólans og koma betur til móts við þá sem eiga fleiri en eitt barn í leikskóla. Í þessu sambandi er bent á að kostnaðarhlutdeild foreldra er komin niður í 13% af rekstrarkostnaði leikskólans. Þær aðgerðir sem raktar eru hér að ofan munu vonandi aðstoða þá foreldra sem greiða hæsta kostnaðinn við leikskólavistina. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með þessum breytingum.

4. **Gjaldskrá mótuneytis árið 2016.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir mótuneyti Flúðaskóla og skólavistun fyrir árið 2016 frá og með 1.janúar 2016. Lagt er til að verð á hressingu í Flúðaskóla hækki úr kr. 69 í kr. 72 og skólamáltíð hækki úr kr. 320 í kr. 335 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Þá hefur verið lagt til að gjald fyrir hádegisverð í Undralandi hækki úr kr. 320 í kr. 335, morgunhressing hækki úr kr. 69 í kr. 72 og síðdegishressing úr kr. 105 í kr. 110. Þá er lagt til að tímagjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 292 í kr. 305 og gjald fyrir máltíð hækki úr kr. 102 í kr. 110. Einnig að máltíð vegna Heimalands hækki úr kr. 527 í kr. 551. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með þeirri breytingu að gjaldskrá mótuneytis vegna leikskólans Undralands verði óbreytt milli áranna 2015 og 2016.

5. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2016.**

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2016. Gert er ráð fyrir þeim breytingum að laun sveitarstjórnarmanna miðist við ákveðna prósentu af þingfararkaupi. Sveitarstjórn samþykkir að laun sveitarstjórnarmanna, annarra en oddvita, verði 8% af þingfararkaupi á mánuði en laun oddvita verði eins og áður 50% af grunnlaunum sveitarstjóra. Varamaður í sveitarstjórn fær 4% af þingfararkaupi fyrir hvern setin fund. Að öðru leyti hækka þóknunir fyrir nefndarstörf um 7%.

6. **Fjárhagsáætlun 2016-2019. (Seinni umræða)**

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2016-2019 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2016 sem snerta aðallega gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Þá er búið að taka tillit til viðauka við fjárhagsáætlun 2015 sem samþykktir hafa verið. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir auknum launakostnaði hjá ýmsum stofnunum sveitarfélagsins. Einnig kemur til sú forsendubreyting að gert er ráð fyrir minni verðbólgu á árinu 2016. Þá þarf að gera ráð fyrir framlagi til framkvæmda við verknámshús FSu auk fleiri atriða sem leiða til minniháttar breytinga.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2016 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 18.345.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 31.833.000.

Veltufé frá rekstri kr. 95.897.000.

Heildareignir A. hluta kr. 1.106.100.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 1.248.593.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 561.699.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 760.941.000.

Eigið fé A hluta kr. 544.400.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 487.652.000.

Skuldahlutfall 87% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 17 millj. í áætluninni, þar af kr. 7 millj. í gatnagerð og kr. 10 millj. vegna íþróttasvæðis. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 1,5 millj., í vatnsveitu 5 millj. og í hitaveitu 7 millj. Ekki er gert ráð fyrir lántöku í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykkt frá 19. fundi sveitarstjórnar þann 5. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2017-2019 en þar hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 5. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2016.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2016-2019 samhljóða.

7. **Þjóðskrá Íslands: Beiðni um umsögn vegna endurmats fasteignar.**
Oddviti kynnti bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna endurmats á fasteigninni Hvítárdal. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir vegna beiðnarinnar.
8. **Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins "Bændur græða landið"**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ fyrir árið 2015. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 18.000 til verkefnisins.
9. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni Velferðarnefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.
10. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þá var lögð fram umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambandsins.
11. **Snorraverkefnið: Ósk um stuðning við Snorraverkefnið 2016.**
Oddviti kynnti styrkbeiðni vegna Snorraverkefnis. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
12. **Kvennaathvarfið: Umsókn um styrk.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Kvennaathvarfinu. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Kvennaathvarfið um kr. 50.000.
13. **Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti beiðni frá Jafnréttisstofu um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun. Endurnýja þarf jafnréttisáætlun sveitarfélagsins sem hefur fengið frest til þess fram í febrúar 2016. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera drög að jafnréttisáætlun fyrir Hrunamannahrepp.
14. **Menntamálastofnun: Ytra mat á Flúðaskóla.**
Oddviti kynnti fyrirhugað ytra mat Menntamálastofnunar á Flúðaskóla á árinu 2016. Sveitarstjórn fagnar því að fram fari ytra mat á Flúðaskóla.
15. **Erindi til sveitarstjórnar. Stefán Arngrímsson.**
Oddviti kynnti erindi frá Stefáni Arngrímssyni húsverði og umsjónarmanni fasteigna þar sem hann óskar eftir að fá að gegna núverandi starfi þrátt fyrir að hafa náð sjötugsaldri á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja ráðningarsamning Stefáns út árið 2016.
16. **Vesturport: Viljayfirlýsing um samstarf og fyrirhugaðar áætlanir í landi Grafar.**
Oddviti kynnti drög að viljayfirlýsingu frá Vesturporti um samstarf og fyrirhugaðar áætlanir í landi Grafar á Flúðum. Sveitarstjórn líst mjög vel á þær hugmyndir sem fram koma í yfirlýsingu Vesturports. Sveitarstjórn samþykkir að leggja sitt að mörkum til að verkefnið geti orðið að veruleika og felur sveitarstjóra og varaoddvita að ræða við Vesturport og hagsmunaaðila á svæðinu um framhald verkefnisins.
17. **Kaupsamningur um dælustöð. Sunnhlíð.**
Oddviti kynnti kaupsamning og afsal vegna 1.470m² lóðar undir dælustöð úr landi Sunnuhlíðar. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna kaupanna.
18. **Úttekt á Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs og Tæknisviði Uppsveita: Skýrsla R3.**
Oddviti kynnti úttekt og greiningu sem gerð var á Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. og Tæknisviði Uppsveita af fyrirtækinu R3. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða skýrslu og tillögur að úrbótum og leggur til að sveitarfélögin sameinist um þær tillögur sem fram koma í skýrslunni, m.a. að sameina Tæknisvið Uppsveita og Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs.

19. Golfklúbbur Flúða: Erindi vegna inniæfinga og styrkja.

Oddviti kynnti erindi frá Golfklúbbi Flúða vegna inniæfinga og styrkja. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við GF um málið. Unnsteinn víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

20. Vígsluhátíð íþróttahúss.

Oddviti kynnti áform um að fram fari vígsluathöfn vegna stækkunar íþróttahússins. Sveitarstjórn samþykkir að fram fari vígsluathöfn hússins þann 29. desember n.k. og verði unnin í samstarfi við UMFH.

21. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 14. janúar nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. Fundargerð vinnuhópar um upplýsingaöflun fyrir nýbúa frá 20. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps um upplýsingaöflun fyrir nýbúa. Þar fór Kolbrún Þorkeldsdóttir yfir upplýsingabækling fyrir nýja íbúa Hrunamannahrepps og aðgerðaráætlun verkefnisins. Farið var yfir stöðu gagna úr skólanum og rædd næstu skref en stefnt er að því að gögn verði tilbúin til þýðinga og útgáfu fljótlega. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

23. NOS: Fundargerð 8. fundar NOS frá 13. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar NOS. Samþykkt var að halda upplýsingafund um reksturinn fyrir lok apríl á næsta ári. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Farið var yfir úttekt Gerðar G. Óskarsdóttur sem gerð var á starfseminni og kynnt var atvinnuáttak í samvinnu við Vinnumálastofnun.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2016 fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Þá samþykkir sveitarstjórn að koma að verkefni um atvinnuáttak í samvinnu við Vinnumálastofnun um möguleg verkefni sem gætu varðað Hrunamannahrepp.

24. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 12. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar frá 26. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls. Lögð var fram skýrsla til kynningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um lykiltölur félagsþjónustu og skólamála árið 2014. Lögð var fram tillaga að gjaldskrá og grunnupphæð fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2016. Lögð var fram tillaga að breyttum reglum um akstursþjónustu eldri borgara í Hveragerði. Vakin var athygli að gerðar séu ákveðnar öryggisreglur og verklagsreglur varðandi skráningar í Mentor. Skýrt var frá því að NOS hafi fengið Gerði Óskarsdóttir til að gera ytra mat á þjónustu við leik- og grunnskóla Árneshvíls og síðan var fjallað um trúnaðarmál.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og samþykkir tillögu að gjaldskrá og grunnupphæðir fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2016.

25. Fundargerð 100. fundar Skipulagsnefndar frá 26. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 11. nóvember og 24. nóvember s.l. Mál nr. 17: Hvammsvegur. Framkvæmdaleyfi.

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir færslu Hvammsvegur á um 800 m kafla auk nýrra tenginga og reiðvegur.

Sveitarstjórn samþykkir að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir færslu Hvammsvegur og tengdra framkvæmda þegar Skipulagsstofun hefur staðfest breytingu á aðalskipulagi svæðisins og felur skipulagsfulltrúa að gefa úr framkvæmdaleyfið.

Mál nr. 18: Suðurhof 2. Breikkun bílskúrs út fyrir byggingarreit.

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa Suðrhofs 2 um hvort mögulegt sé að breikka byggingarreit bílskúrs um 1.2 m.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulegt frávik og að hagsmunir nággranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Ekki er því talin þörf á breytingu á deiliskipulagi svæðisins og vísar sveitarstjórn afgreiðslu málsins til byggingarfulltrúa.

Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 11. nóvember s.l.

Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 24. nóvember s.l.

26. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 29. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 5. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 29. fundar frá 5. nóvember s.l. Þar var farið yfir ráðningu byggingarfulltrúa og gjaldskrármál.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og staðfestir ráðningu Rúnars Guðmundssonar sem byggingarfulltrúa og felur sveitarstjóra að tilkynna ráðningu hans til Mannvirkjastofnunar.

27. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 30. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 26. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 30. fundar frá 26. nóvember s.l. Þar var farið yfir bifreiðamál embættisins, gjaldskrármál, úttekt á starfssemi Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. og Tæknisviðs Uppsveita.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

28. Kerlingarfjallavinir. Fundargerð stjórnar Kerlingarfjallavina frá 25. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar Kerlingarfjallavina frá 25. nóvember s.l. Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögum Kerlingarfjallavina í úrvinnslu skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins vegna vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

29. Hvammsvegur. Erindi vegna reiðvegur.

Oddviti kynnti erindi frá nokkrum eintaklingum þar sem farið er þess á leit að skoða að verði að leggja reiðveg frá Högnastöðum 2 að Litlu-Laxárbrú með Litlu-Laxá í stað þess að fara með Hvammsvegi. Sveitarstjórn telur heppilegra að reiðvegurinn verði lagður með Hvammsveginum í samræmi við aðalskipulag að sinni en eitt þurfi ekki að útiloka annað. Sá möguleiki að leggja reiðveginn á þessum kafla með Litlu-Laxá verði skoðaður betur þegar í ljós kemur hvaða starfssemi verður á svæðinu og þá í tengslum við gerð deiliskipulags.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: Fundargerð 499. fundar stjórnar SASS frá 28. október 2015.** Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 500. fundar stjórnar SASS frá 19. nóvember 2015.** Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð aðalfundar SASS frá 29. og 30. október 2015.** Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Ályktanir ársþings SASS 2015.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 243. fundar stjórnar frá 28. október 2015.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 244. fundar stjórnar frá 9. nóvember 2015.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- g. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð 1 vegna Hvammsvegur.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita bs: Sunnuhlíð stofnun lóðar undir dælustöð.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs: Hvammsvegur, aðalskipulagsbreyting.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna þjóðhagsspár.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 830. fundar stjórnar frá 11. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 831. fundar stjórnar frá 30. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 832. fundar stjórnar frá 20. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.

- n. **Skipulagsstofnun: Skipulag og ferðamál – hugmyndahefti.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Áfangaskýrsla vegna verkefnisins, Svipmyndir fyrir framtíðina um fortíðina úr nútímanum.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 27. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum 2016.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Heildaráætlun úthlutunar framlags til sveitarfélagsins vegna nýbúafræðslu 2016.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- s. **Brunavarnir Árnassýslu: Undirritun Brunavarnaráætlunar 11. desember n.k.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:45.